

BREYTING VEGNA STÆKKUNAR HAFNARSVÆÐIS - ÚTDRÁTTUR ÚR GREINARGERÐ
Dags. 27. júlí 2015 en breytingin er sett fram á þessum uppdrátti og í greinargerð ásamt umhverfisskýrslu í sérhefti.

Inngangur

Hér er sett fram á uppdrátti breyting á deiliskipulagi Naust 1 - Norðfjarðarhöfn og nágrenni. Gert er ráð fyrir stækkun á hafnarsvæði Norðfjarðar með landfyllingu, undir hafnarstarfsemi. Samhliða breytingu á deiliskipulagi er unnin breyting á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007 - 2027.

Eftirspurn er eftir auknu landrými fyrir hafnsækna starfsemi í Norðfjarðarhöfn. Innan núverandi hafnar er ekki auðvelt að koma fyrir starfsemi með góðu aðgengi að hafnarkanti en sveitarfélagið hefur áhuga á að bjóða upp á slíkar lóðir. Einhverjir möguleikar eru á núverandi hafnarsvæði en þröngt er um þá. Meginmarkmið deiliskipulagsbreytingar er að geta boðið upp á nýjar lóðir og athafnasvæði fyrir hafnsækna starfsemi með greiðu aðgengi að hafnarkanti. Ný landfylling er áformuð norðaustan við núverandi hafnarmannvirki.

Breyting

Ný landfylling verður gerð norðaustan við Landanaust til móts við Naustahvamm 51 - 57. Landfyllingin verður 26.350 fermetrar að flatarmáli og 218.200 rúmmetrar. Gengið verður frá landfyllingu með stálkanti sem mun ná niður á 10 m dýpi.

Gert er ráð fyrir að efni í landfyllinguna verði fengið frá fjórum stöðum, tveimur á landi og tveimur í sjó. Í aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 er Skuggahlíð (E5) skilgreind sem náma. Í aðalskipulagi er jafnframt heimilt að óska eftir efnistöku í árfarvegum og úr sjó innan netalaga sem Norðfjarðará og efnisnám í fjöru við flugvöll fellur undir.


Á landfyllingu er gert ráð fyrir fimm lóðum undir hafnarstarfsemi og dælu- og hreinsistöð. Í fyrra deiliskipulagi var afmörkuð lóð að Landanausti 1 undir dælu- og hreinsistöð. Lóðin var staðsett syðst í Landanausti. Lóðin er flutt nyrst á landfyllingu, en heimilisfang og skipulagsákvæði haldast óbreytt. Að auki eru afmarkaðar sex nýjar lóðir og byggingarreitur á landfyllingu sem fá heimilisföngin Landanaust 3-13. Um nýjar lóðir gilda almennir skilmálar (kafli 2.4). Sérskilmála fyrir nýjar lóðir er að finna í greinargerð.

Einnig er lóð Naustahvamms 51 stækkuð.


Umhverfisskýrsla (útdráttur)

Áformuð deiliskipulagsbreyting er háð umhverfismati í samræmi við lög nr. 106/2006 um umhverfismat áætlaða.


Umhverfisáhrif: Líkur eru á því að stækkun hafnarsvæðis Norðfjarðarhafnar með landfyllingu verði hlutlaus á öryggi. Áhrif á landslag eru nokkuð neikvæð vegna breytingar á ásynd hafnar. Áhrif á lífríki eru óviss en efnistaka nærri landi getur haft áhrif á búsvæði lífvera.



Staðfest deiliskipulag



Tillaga að breytingu



Staðsetning reits á Aðalskipulagi

- Dælanvæði
- Svæði fyrir byggisvæðing
- Hættusvæði
- Svæði undir náttúruvá - hættusvæði A
- Svæði undir náttúruvá - hættusvæði B
- Svæði undir náttúruvá - hættusvæði C
- Lækur
- Byggingareitur
- Ný landfylling
- Kvæði um lagnaleið

SKÝRINGAR:

- Mörk svæðis sem breyting nær til
- Núverandi byggingar
- Lóðamörk
- Byggingareitur
- H1 | # Landnotkun | Húsnúmer
- 0,# | #.###.# Nýtingarhlutfall | Stærð lóðar í m²
- Kvæði um lagnaleið


- Svæði undir náttúruvá - hættusvæði A
- Svæði undir náttúruvá - hættusvæði B
- Svæði undir náttúruvá - hættusvæði C
- Ný landfylling
- Lækur



Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. var samþykkt í sveitarstjórn þann ____ 2015.

Stjórnartíðinda

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann ____ 2015.



Verk: S1079-001-U04	FJARÐABYGGÐ	Alla ehf. Armúla 32
Bláskrár: 20-01	Deiliskipulagsbreyting Naust 1 - Stækkun hafnarsvæða.	108 Reykjavík
Dags: 27. júlí 2015	Mælikvarði: 1:2000 @ A2	afa@alla.is
	Teiknað/Yfirfarið: HA, HA / HB	www.alla.is